

# FRIÐLÝSING GRÓTTU OG SELTJARNAR

KYNNINGARFUNDUR 13. JANÚAR 2026
UMHVERFISNEFND SELTJARNARNESBÆJAR

# FORSAGA




Grótta fyrst friðlýst árið 1974

Núgildandi skilmálar eru frá 1984

Mörk friðlandsins við Snoppu og umhverfis Gróttu

Bakkatjörn friðlýst árið 2000

Þörf á endurskoðun skilmála Gróttu

- Viðhald húsa á varptíma
- Meindýravarnir
- Stækkun svæðis



# SELTJÖRN

Breið vík á milli Gróttu og Suðurness

Grótta varð að eyju við Básendaflóð 1799

Seltjörn er einn af áhugaverðari stöðum höfuðborgarsvæðisins til að rannsaka og átta sig á hinum miklu sjávarstöðubreytingum, sem orðið hafa við strendur Íslands síðustu árþúsundin

Jökulrákir í klöppum frá síðustu ísöld

Leifar fjörumós, sem tók að myndast í tjörninni fyrir um 10.600 árum – efsta lag um 3.000 ára gamalt

Seltjörn er gríðarlega mikilvæg fuglalífi

# VERNDARGILDI SELTJARNAR



Náttúrufræðistofnun Íslands, apríl 2020:

- [...] Seltjörn hefur töluvert náttúruverndargildi bæði sem hluti af stærra svæði, fjöruvistgerðir og fuglalíf, en einnig vegna fágætra náttúruminja sem þar eru, það er fjörumór, og jafnframt sem hluti af friðlýstu svæði, Gróttu, og hluti af mjög eftirsóttu útivistarsvæði við þéttbýli.
- Náttúruverndargildi Seltjarnar fyrir fuglalíf felst fyrst og fremst í að svæðið er hluti af auðugu lífríki strandsvæða/grunnsævis þar sem lífríki fjörunnar og grunnsævis er undirstaða fyrir fjölbreytt og auðugt fuglalíf.

Bæjarstjórn 21. janúar 1975:

- *Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir við hugmyndina um friðlýstar fjörur og er fremur hlynnt slíkri ráðstöfun. Gert er ráð fyrir að sjávarbakkar verði almennt óbyggðir. [...] Niðurstaða fundarins er sú að hugmyndir Náttúruverndarráðs og bæjarstjórnar um náttúruvernd á Seltjarnarnesi fara saman í öllum aðalatriðum.*

# VERNDARGILDI SELTJARNAR FRH.



- Seltjörn er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár
- Á framkvæmdaáætlun eru skráðar þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun næstu fimm árin
- Seltjörn er í C-hluta náttúruminjaskrár
    - mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða
- Það að landsvæði sé skráð á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár felur í sér að þá gilda um svæðið tilteknar reglur eða réttaráhrif skv. náttúruverndarlögum
- Hvað þýðir það að Seltjörn sé á framkvæmdaáætlun?
    - Bann við framkvæmdum – ráðherra er heimilt að kveða á um bann við framkvæmdum
    - Forðast ber rask
    - Leyfisskylda
    - Umsagnarskylda
    - Aðgæsluskylda

# VERNDUN SELTJARNAR - BAKGRUNNUR



- Fuglatalning frá 1996 – mikilvægi Seltjarnar óumdeilt
- Þrengt hefur að fuglalífi ekki síst með aukinni umgengni.
- Stefnt að friðun í aðalskipulagi Seltjarnarness 2015-2033
- Liður 4.5.1.
- *Seltjarnarnes varðveiti fjölbreytni sína í náttúrufari til framtíðar með vel undirbúnum aðgerðum og vönduðum vinnubrögðum. Íbúum verði auðveldað að njóta náttúrunnar og fræðast um hana án þess að valda skaða. Sama gildi um sögu- og menningarminjar á Seltjarnarnesi. Menningarlíf og lífsstíll Seltirninga sæki í auknum mæli kraft og næringu í náttúru, sögu og menningu byggðarinnar og einkennist af jákvæðum viðhorfum til umhverfisins.*
- *Náttúrulegt fuglalíf fái að dafna eftir eigin lögmálum. Slíkt verður ekki nema varpstaðir, fæðuöflunarstaðir, setstaðir og hvíldarstaðir fugla verði varðveittir. Í því skyni verði friðun Daltjarnar og fjörusvæða við Bakkavík og Seltjörn undirbúin. Rannsökuð verði áhrif nýlegra framkvæmda í Suðurnesi á þróun fuglalífsins.*
- *Sérstök áhersla verði lögð á vestursvæði Seltjarnarness, Valhúsahæð og strandsvæði vegna mikilvægis þeirra.*

# ENDURSKOÐUN FRIÐLÝSINGAR - FERILL MÁLS

- Samstarfshópur skipaður á síðasta kjörtímabili
    - Umhverfisnefnd og starfsmaður Seltjarnarnesbæjar
    - Náttúruverndarstofnun (þá Umhverfisstofnun)
    - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
    - Minjastofnun
- Tillaga lögð fyrir bæjarstjórn 2022 – ekki kláruð
- Erindi Náttúruverndarstofnunar 2024 – áminning um að ljúka vinnu
- Samstarfshópur uppfærði skilmála
- Uppfærðir skilmálar auglýstir í Lögbirtingablaði
- Erindi send hagsmunaðilum og gefinn kostur á athugasemdum
- Samstarfshópur yfirfór yfir athugasemdir
- Uppfærðir skilmálar sendir til afgreiðslu bæjarstjórnar í desember 2025



# FRIÐLÝSING



# HVAÐ ER FRIÐLÝSING?

- Aðferð sem er notuð í náttúruvernd
- Verndun sérstæðra og mikilvægra svæða og náttúrufyrirbæra
- Friðlýst svæði eru rúmlega 130 talsins
- Engar tvær friðlýsingar eru eins
- Friðlýsingarskilmálar eru mismunandi og með ólíkum áherslum eftir aðstæðum og tækifærum hvers svæðis



# HVAÐ ER FRIÐLÝSING (FRH.)?

- Eflir virðingu og skilning íbúa á gæðum svæðis
- Tryggir vernd útivistarsvæðis með aðkomu ríkisins
- Getur skapað verðmæti í formi atvinnu, uppbyggingar og auknum tækifærum í þjónustustarfsemi
- Stýring
- Uppbygging innviða

# KOSTIR/ÓKOSTIR FRIÐLÝSINGAR

**Ókostir**

Takmarkanir á land-og auðlindanotkun

Hagsmunaárekstur

Tryggja þarf viðhald og eftirlit sem og fjármagn

Takmarkað gildi lítilla svæða

Tómt plagg?

**Kostir**

- Eykur sérstöðu og verðmæti svæða
- Viðheldur vistkerfum og verndar líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni svæða
- Menningar- og sögulegt gildi
- Efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur
- Fræðsla og rannsóknir

# RÉTTARÁHRIF FRIÐLÝSINGAR

- Forðast skal rask (annarra kosta skal leitað)
- Leyfisskylda framkvæmda
- Umsagnarskylda
- Aðgæsluskylda
- Forkaupsréttur ríkisins
- Almenn ákvæði náttúruverndarlaga

# UPPFÆRÐIR SKILMÁLAR

| NVS annast umsjón og rekstur |
| --- |
| Almenningi heimil för um svæðið utan varptíma |
| Meindýravarnir og nauðsynlegt viðhald heimilt í Gróttu á varptíma |
| Umferð um Seltjörn heimil en vatnatæki takmörkuð á varptíma (maí-júlí) |
| NVS annast vöktun og fræðslu |
| Framkvæmdir háðar leyfi |
| Heimilt að sinna viðhaldi á vita |
| Heimilt að sinna viðhaldi sjóvarna og viðhaldi á vegi |
| Nánar í stjórnunar- og verndaráætlun |

# TILLAGA AÐ UMFANGI STÆKKUNAR

**Tillaga samstarfshóps að stækkun**

Nær yfir

- 1,5 km$^2$
- Grunnsævi
- Mikilvægar fjöruvistgerðir
- Fæðuöflunarsvæði
- Heildstæðari og styrkari búsvæðavernd
- 2. gr. nvl. um verndarmarkmið f. vistgerðir, tegundir og vistkerfi.

Hægt að setja sérreglur um umferð um tiltekna hluta svæðisins.

